

Íþróttá- og tómsundaneftnd.

Stjórnskipuleg staða

Nefnðin heyrir beint unðir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Sviðsstjóri skóla- og tómsundasviðs starfar með nefnðinni.

Nefnðin starfar á **skóla- og tómsundasviði**, sem er unðir stjórn sviðsstjóra skóla- og tómsundasviðs.

Eftirfarandi stofnanir og deildir starfa á verksviði nefnðarinnar: Íþróttamiðstöðvar, íþróttavellir, skíðasvæði, vinnuskóli og félagsmiðstöðvar.

Skipan nefnðarinnar

Bæjarstjórn kýs **fimm fulltrúa** og jafnmarga til vara í íþróttá- og tómsundaneftnd. Nefnðin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Auk kjörinna fulltrúa eiga **bæjarstjóri, sviðsstjóri skóla- og tómsundasviðs, fulltrúi HSV og félagsmiðstöðva** rétt á að sitja fundi nefnðarinnar, með málfrelsi og tillögurétti. Þá er heimilt að kalla til á fundi nefnðarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum stofnana bæjarins er skylt að sitja fundi íþróttá- og tómsundaneftndar sé þess óskað.

Bæjarstjórn kýs nefnðinni formann og varaformann, en nefnðin kýs sér ritara á fyrsta fundi sínum.

Hlutverk

Hlutverk nefnðarinnar er:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í íþróttá- og tómsundamál;
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu og markmið í íþróttá- og tómsundastarfi á vegum sveitarfélagsins;
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í íþróttá- og tómsundamálum nái fram að ganga;
-
- að samþætta og skipuleggja þá starfsemi sem fellur unðir íþróttá-, og tómsundamál barna, ungmenna og almennings.

Íþróttá- og tómslundanefnd hefur umsjón með þeim stofnunum sem undir nefndina heyra og gerir tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna þessara stofnana. Nefndin skal hafa eftirlit með því að stofnanir og deildir starfi innan ramma laga og samþykktar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

Meginhlutverk Íþróttá- og tómslundanefndar er **stefnumótun**, en í minna mæli afgreiðsla einstakra mála. Nefndin setur forstöðumönnum og starfsmönnum þeirra stofnana sem undir nefndina heyra, starfsreglur um afgreiðslu samsvarandi mála.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í **IV. og VI. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar** og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Íþróttá- og tómslundanefnd kemur saman fyrir **luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma** að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Skal nefndin gera samþykkt um þennan fundartíma á sínum fyrsta fundi að höfðu samráði við bæjarstjóra.

Nefndin skal halda **gerðabók**. Kjörinn eða ráðinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í fundargerð skal getið **hvar og hvenær** fundur er haldinn, töluröð fundar og hverjir sitji hann. Skrá skal **einstök** mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Í lok fundar skal fundargerð **lesin upp og undirrituð** af fundarmönnum. Einnig skal formaður nefndar og einn nefndarmanna setja **upphafsstafi** sína undir hverja blaðsíðu fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Heimilt er að skrá fundargerðir í **tölvu**. Sé það gert skal bóka í gerðabók íþróttá- og tómslundanefndar **númer fundar**, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina **blaðsíðutal** fundargerða. Nefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók.

Formaður sér um boðun funda í samráði við starfsmann nefndarinnar. Fundarboðun skal vera **skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá**. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar skv. ákvæðum IV. og VI. Kafla sbr. III. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef **meirihluti nefndarinnar er mættur á fundi**. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Eftirfylgni

Íþróttá- og tómslundanefnd og sviðsstjóri skóla- og tómslundasviðs hafa með höndum framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma varðandi verkefni nefndarinnar.

Formaður og aðrir fulltrúar í íþrótt- og tómstundanevnd skulu snúa sér til **bæjarstjóra** til að fylgja eftir þeim ákvörðunum og samþykktum nefndarinnar.

Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur fulltrúa í íþrótt- og æskulýðsnefnd gilda **ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar**, eftir atvikum.

Fulltrúa er **skyldur** að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil í sinn stað og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á **rétt á að koma máli á dagskrá fundar**, enda skilar hann efni þess til formanns a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa **hag bæjarins að leiðarljósi** við störf sín í nefndinni en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir **þagnarskyldu** vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 fulltrúa, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúi skal **víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan**, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Starfsmannamál

Nefndin skal fjalla um umsóknir og gefa rökstudda umsögn til bæjarstjórnar vegna ráðningar starfsmanna í samræmi við samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal íþrótt- og æskulýðsnefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hennar.

Þá skal nefndin fylgja **samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar** eins og hún er hverju sinni og kynna sér ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar
xx. október 2014.